

Sjálfstæði Íslendinga. Sígild en síbreytileg forsenda framfara.

Ávarp á Hrafnseyrarhátíð, 17. júní 2025

Góðir Íslendingar!

Gleðilega þjóðhátíð, öllsömul. Ég þakka þann heiður að flytja ávarp á merkum degi á merkum stað. Ekki er laust við að hugurinn hvarfli sjö ár aftur á tímann. Þá naut ég þess einnig að taka hér til máls. Það var reyndar degi fyrir 17. júní en tilefnið var göfugt og gott – hátíð í tilefni þess að það ár, 2018, fögnuðum við Íslendingar aldarafmæli fullveldis. Það var líka dagurinn sem karlalandslið okkar gerði jafntefli við stórlið Argentínu á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu. Í byrjun næsta mánaðar hefur kvennalandsliðið leik í úrslitum Evrópumótsins og sendi ég þeim óskir um gott gengi.

Margur er knár þótt hann sé smár. Það sannar saga Íslands og Íslendinga, smárikis og smáþjóðar sem hefur eflst í tímans rás og megi sú áfram verða raunin.

Í dag hlakka ég einnig til merkra tímamóta hér. Ég hlakka til að samgledjast þeim sem útskrifast frá Háskólasetri Vestfjarða, þeirri frábæru menntastofnun. Peter Weiss hefur staðið þar við stjórnvölinn frá fyrsta degi. Ég leyfi mér að þakka honum fyrir farsælan feril í þágu setursins, í þágu Vestfjarða og landsins alls.

Þá leyfi ég mér að nefna að á minni eigin lífsleið hafa líka verið kaflaskil nýlega og önnur í vændum. Síðasta sumar lét ég af embætti forseta Íslands og um næstu mánaðamót tek ég við prófessorsstöðu í nafni Jóns Sigurðssonar. Feta ég þar í fótspor Guðmundar Hálfðanarsonar sem hefur gegnt henni með sóma, fyrstur manna frá því að til hennar var stofnað árið 2011 þegar tvær aldir voru liðnar frá fæðingu Jóns Sigurðssonar.

Enginn er stærri en Jón í sjálfstæðissögu Íslendinga, óskoraður leiðtogi í þeim atbeina á nítjándu öld. Vissulega stóð stundum styr um hann og við

megum forðast að breyta honum úr manneskju af holdi og blóði í „standmynd sem steipt er í eir“, eins og Steinn Steinarr kvað svo vel. Ég veit að sumum varð um og ó þegar Gerður Kristný orti einnig á óhefðbundinn hátt um Jón forseta á tveggja alda afmæli hans árið 2011. Á Austurvelli flutti fjallkonan Vigdís Hrefna Pálsdóttir þá kvæði Gerðar sem hefst svona:

Það bærisk ekki hár
 á höfði Jóns
 þar sem hann trónir
 staffirugur á stöplinum
 og hvessir augun
 út á Tjörnina.

Á hverju vori
 gætir hann þess
 að ungarnir komist upp
 hika ekki við
 að stökkva niður
 og stugga við
 mávinum.

Hattinum
 fleygði Jón
 í fugl
 hefur verið
 berhöfðaður síðan.

Já, ágætu áheyrendur: Það eru margar leiðir til að halda nafni Jóns Sigurðssonar á lofti. Hann átti og á svo sannarlega skilið að verka hans skuli

minnst svo lengi sem land byggist. Eflaust hefði honum þótt vænt til þess að vita að fæðingardagur hans yrði síðar þjóðhátíðardagur okkar Íslendinga. Auðvitað getum við ekkert fullyrt um það og ekki heldur hvort hann hefði ekki fagnað því að í dag gleðjumst við með fólki sem hefur lokið nytsömu námi.

En er það nú ekki samt líklegt? Við vitum fyrir víst að Jón hafði menntun og vísindi ætíð í hávegum. Vert er að minna á það sem Guðmundur Hálfðanarson rakti í hátíðarerindi sínu hér fyrir rúmum áratug, að þegar Alþingi Íslendinga var endurreist árið 1845 studdi Jón eindregið tillögur landa sinna í Kaupmannahöfn um stofnun þjóðskóla á Íslandi. Þetta var eitt það fyrsta sem hann nefndi í þingsal og í þeim skóla skyldu embættismenn fá sína menntun – helst þá lögfræðingar, læknar og prestar. Þar að auki yrði komið upp „tápmikilli og velmentaðri alþýðustétt“, eins og sagði í bænaskjali til konungs sem Jón bar fram á þinginu.

Ekki rættist þessi von Jóns en alls hans atbeina var heldur betur minnst þegar Háskóli Íslands var loksins stofnaður, 17. júní 1911. Við hæfi þótti að stíga það skref þann dag, á aldarafmæli sjálfstæðishetjunnar enda var stofnun háskólans stór áfangi á sjálfstæðisbraut. „Góðir háskólar eru gróðrar stöðvar mentalífs hjá hverri þjóð sem er, sannkallaðar uppeldisstofnanir þjóðarinnar í besta skilningi.“ Þannig mæltist Birni M. Ólsen, fyrsta rektor Háskóla Íslands, við vígslu hans. Hollir og sterkir straumar skyldu streyma frá skólanum, efla þjóðina til frekari dáða, auka sjálfstæði hennar í öllum efnum.

Um leið yrðu menn þó líka að fagna ferskum vindum að utan, forðast einangrun, forðast stöðnun. Þjóðernistilfinningin mætti aldrei verða að „þjóðdrambi eða þjóðernisrembingi,“ bætti Björn við í ræðu sinni. Og ætli Jón forseti hefði ekki tekið undir það?

Aftur verður að nefna að við getum auðvitað ekki slegið neinu föstu um það. Allar götur frá því að Jón var og hét hefur fólk hins vegar freistast til að draga hann í sitt lið í hvers kyns rökræðum eða þrætum. Þá er gjarnan staðhæft að gæti Jón Sigurðsson birst okkur í örskotsstund eða borið okkur boðskap hefði

hann – svo dæmi séu tekin – verið á móti erlendum her í landi og hernaðarbandalögum; eða nei, Jón hefði viljað standa með lýðræðisríkjum í vörn þeirra gegn ofbeldi og einræði; Jón hefði verið á móti aðild að EFTA, EES og ESB, viljað standa vörð um óskorað sjálfstæði þjóðarinnar; eða nei, hann hefði stutt nána samvinnu á alþjóðavettvangi og viljað efla hag landsins á þann hátt.

Um þessi efni vísast frekar til merks rits Páls Björnssonar um Jón Sigurðsson allan og táknmyndir þjóðhetju frá andláti til samtíðar. Að sjálfsögðu má einnig nefna fleiri verk um Jón, meðal annars hnausþykkan ævisögur Páls Eggerts Ólasonar og Guðjóns Friðrikssonar og styttri yfirlit Hallgríms Sveinssonar, staðarhaldara hér um árabíl. Eitt þeirra er að finna á Vísindavefnum, því frábæra framtaki Háskóla Íslands. Þar vitnaði Hallgrímur í orð Ásgeirs Ásgeirssonar forseta á Hrafnseyrarhátíð 17. júní 1961, þegar ein og hálf öld var liðin frá fæðingu Jóns: „Það getur enginn gert sér grein fyrir því hvernig nú væri ástatt um hag þjóðar vorrar ef hún hefði ekki eignast Jón Sigurðsson þegar mest lá við. Það verður ekki stungið svo skóflu í jarðveg og sögu íslenskrar viðreisnar að ekki komi niður á æfistörf Jóns Sigurðssonar. Jón Sigurðsson er ímynd Íslendingins eins og hann getur verið mestur og bestur.“

Þessi staðhæfing Ásgeirs segir sitt um það í hversu miklum metum sjálfstæðishetjan hefur verið. Um það verður varla deilt og aðdáunin mun varla breytast til muna næstu misseri eða jafnvel mannsaldra. Áfram munum við þó minnst Jóns og verka hans með ferskum og breyttum hætti.

Að sama skapi munum við eflaust halda áfram að hugsa um sjálfstæði þjóðarinnar á nýja vegu. Skilgreiningar munu breytast, forsendur sömuleiðis, markmið og aðferðir til að verja fullveldi þjóðarinnar. Og þetta eru engin tíðindi, engin ný sannindi, ekki ný þróun. Horfum um stund til ársins 1918, þeirrar gleðistundar þegar Ísland varð frjálst og fullvalda ríki. Hlutleysi í stríði og friði var hornsteinn þess fullveldis og hann stóð óhaggaður í rúma tvo áratugi. En hildarleikurinn mikli brast svo á, seinni heimsstyrjöldin. Að formi til

var haldið í hlutleysi en þó ekki því að sumarið 1941 var gerður hverndarsamningur við Bandaríkin sem tóku skömmu síðar fullan þátt í stríðinu. Öflug viðskipti við Bretland sýndu einnig með hverjum Íslendingar stóðu í raun og sann.

Skilgreining á fullveldi hlaut að breytast, í ljósi aðstæðna í hörðum heimi. Leiðir til að verja fullveldið hlutu sömuleiðis að breytast, aftur í ljósi aðstæðna í hörðum heimi. Svo var stofnað lýðveldi, á þessum degi fyrir 81 ári, og sumarið 1945 lauk ófriðinum ógurlega. Þá sáu landsmenn fyrir sér að Ísland yrði herlaust og hlutlaust á ný um fyrirsjáanlega framtíð. En aftur breyttist allt. Kalt stríð brast á. Íslendingar skipuðu sér í sveit með öðrum vestrænum ríkjum. Árið 1949 var gengið í Atlantshafsbandalagið og tveimur árum síðar kom bandarískt herlið sér fyrir í landinu á nýjan leik. Enn á ný breyttust sjónarmið og skilgreiningar á sjálfstæði og fullveldi.

Þeir sem voru til vinstri í stjórnmálabaráttunni staðhæfðu að sjálfstæði landsins hefði skerst til muna. Sama sögðu þeir þegar erlendum stórfyrirtækjum var boðið að reisa hér álverksmiðjur. Efasemdir og mótmæli heyrðust einnig þegar Ísland gekk í Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA, árið 1970. Enn meiri styr varð þegar landið gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu árið 1994. Svo mikil urðu umskiptin á hagkerfi landsins og lagaramma að helst mátti líkja við Gamla sáttmála. „Önnur eins breyting hefur ekki orðið á íslenskri löggjöf síðan á 13. öld þegar Járnsíða og síðar Jónsbók voru lögleiddar,“ sagði Sigurður Líndal prófessor réttilega eftir að þessi bylting á stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna var gengin í garð. Sjálfstæði Íslands varð allt annars eðlis en það hafði verið, allt öðruvísi en Íslendingar sáu til dæmis fyrir sér í rigningunni á Þingvöllum 17. júní 1944 eða vetrardaginn stillta 1. desember 1918 þegar fullveldi fékkst loksins.

Ágætu áheyrendur, kærar landar, góðir Íslendingar! Á þeim gleðistundum gátu menn að sjálfsögðu ekki ímyndað sér að bein og óbein áhrif yfirþjóðlegs fyrirbæris á borð við Evrópusambandið yrðu eins mikil í landinu og raun ber

vitni. Blessunarlega hafa skilgreiningar okkar á þjóð og þjóðerni einnig breyst í tímans rás. Þau sem fögnuðu fullveldi og lýðveldi á sínum tíma höfðu nær öll fæðst á Íslandi, tilheyrðu nær öll hinna evangelísku lútersku þjóðkirkju, áttu aðeins íslensku sem móðurmál og fæst höfðu búið erlendis um lengri eða skemmri tíma. Einsleitnin virtist yfirgnæfandi þótt við ættum nú samt að muna þau sannindi að þegar vel er að gáð er enginn eins og fólk er flest.

Allt er í heiminum hverfult. Blessunarlega er sú hugmynd og tálsýn horfin að ein þjóð skuli vera eins þjóð. Sem betur fer hefur meirihluti Íslendinga ekkert á móti því (eða hvað?) að íbúar þessa lands séu ólíkir á hörund, tilheyni hinum og þessum trúfélögum, heiti alls kyns nöfnum, tali með hreim, hafi jafnvel fæðst í fjarlægum löndum. Um leið verjum við þó saman grundvöll öflugs samfélags, réttarríki þar sem allir borgarar skulu vera jafnir fyrir lögnum og veraldlegt vald trúarbrögðum ríkara. Við skulum hafa ein lög en marga siði. Og það skulum við gera vegna þess að þjóð með sjálfstraust þolir fjölbreytni, þrífst reyndar á fjölbreytni. Fólk með sjálfstraust er umburðarlynt og víðsýnt, ekki þjakað af tortryggni eða ótta við það sem framtíðin kann að færa því.

Já, þjóðir geta vart valið sér verri örlög en þau að streitast á móti öllum breytingum. Við höfum breyst og hugmyndir okkar um sjálfstæði og fullveldi hafa breyst. Þannig hefur okkur tekist að búa til og viðhalda samfélagi sem er með þeim vænlegustu í heimi hér þótt enn sé verk að vinna, þótt ætíð sé verk að vinna. Við höfum líka notið góðs af samvinnu við önnur ríki. Við höfum notið góðs af frumkvæði og framförum sem hafa borist okkur að utan. En við höfum líka eflst og dafnað vegna ættjarðarástar, þeirrar djúpstæðu tilfinningar sem er svo dýrmæt hverju samfélagi. Því að þjóðrækni er fögur og þjóðarstolt sömuleiðis, þræðir sem tengja okkur hvert við annað og flétta saman nútíð, fortíð og framtíð. Gleymum því aldrei að þessir þættir eru algerar andstæður þjóðrembu og þjóðardrambs, orsaka svo mikilla ófara í heiminum að fornu og

nýju, og undir það hefði Jón forseti alltaf tekið. Gleðilega þjóðhátíð, góðir Íslendingar!